



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 21. janúar 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: fös 21.01.2022 kl. 10:00

Mættir: Anna, Ragnar, Áróra, Íris, Alexandra, Sirrý, Bjarni, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – bjarni@buseti.is
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
8. Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Morgunfundir

1. Fréttir úr starfi

- Ákveðið var að auglýsa ekki GB á ráðstefnunni í boði náttúrunnar að þessu sinni.
- Nordic webinar þann 19.01 gekk vel, hlekk að vídjói verður deilt frá heimasíðu GB. Málþingið var sent út í samstarfi við löunni og eru allir sammála að afar vel var að því staðið.
- WGBC-gjöld. Félagsgjöld til WGBC eru reiknuð út frá innstreymi tekna og svo gengi. Út frá tæknilegum atriðum (gengi) færast gjöld nú upp um flokk – málið verður tekið áfram og erindi sent til að fá þetta endurskoðað.
- Málþing um orkunýtingu – staðfest dagsetning 31. mars. Litið var yfir dagskrá. Verið er að staðfesta alla fyrirlesara og finna húsnæði.
- Skrifstofa GB á Laugavegi – þar er heimilisfang GB og aðstaða fyrir 2 starfsmenn. Ákveðið var að halda þessari aðstöðu enn sem komið er, þar sem leigan er afar sanngjörn og aðstaðan getur komið sér vel síðar á þessu ári.
- BREEAM hagaðilagreining. Haldið verður áfram með vinnslu og undirbúning sbr. seinustu fundargerð -þ.e. samtal við lykilaðila og málþing í mars.
- Græna skóflan – umræða um störf dómnefndar og krítíur við val.
- Undirbúa þarf aðalfund vorið 2022. Ákveðið var að stefna á aðalfund í lok apríl 2022. Það verður haldið í húsakynnum aðildarféлага. Eftir umræður var



einnig ákveðið að halda Dag Grænni byggðar um haust, þ.e. síðla september, enda heppnaðist haustfundur vel á seinasta ári.

2. Morgunfundir

Rædd var tímasetning morgunfunda og ákveðið að þriðji miðvikudagar í mánuði kl. 9-10 væri hentugur tími. Drög að dagskrá morgunfunda:

- 16. febrúar: Vottaðar byggingar
- 16. mars: Hringrásarhagkerfið
- 20. apríl: Lífræn byggingarefni
- 18. maí: Sement

Sett verður upp plakat með þessum morgunfundum og þeir auglýstir á vettvangi Grænnar byggðar. Fundirnir verða á Teams, a.m.k. framan af, og í raunheimum ef völ er á þegar fram í sækir.

Fleira var ekki gert. Fundi er slitið kl. 11:30. Næsti fundur 9. febrúar 2022.